

Mánudaginn 29. maí 1989.

Nr. 195/1989. **Ákærvaldið**

gegn

Jóni Sæmundssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 172. gr., 3. tölulið, laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 26. maí 1989, sem barst Hæstarétti sama dag. Af hálfu varnaraðila er þess krafist, að gæsluvarðhald verði fellt niður. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Hinn 25. maí sl. kom Ingi Tryggvason, deildarlögfræðingur við embætti lögreglustjórans í Reykjavík, fyrir sakadóm í ávana- og fikniefnamálum og lagði fram kröfu um að varnaraðili, Jón Sæmundsson, sætti gæsluvarðhaldi allt til hádegis hinn 5. júní n.k. Jafnframt lagði hann fram gögn, sem lágu eftir það frammi í dóm-inum. Auk kröfugerðarinnar voru þetta skjöl um grunsemdir lögreglu um þátttöku varnaraðila í misferli með kókaín, lögregluskýrslur um framburð hans í yfirheyrslum 12., 24. og 25. maí sl., lögregluskýrslur um framburð annars manns, M, 24. og 25. maí og lögregluskýrsla um framburð B 24. maí. Þá er meðal skjalanna endurrit um yfirheyrslu 25. maí yfir M í sakadómi í ávana- og fikniefnamálum. Í þinghaldi því, sem fyrst var getið og fram fór 25. maí, var Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður skipaður verjandi varnaraðila og gaf hann ýmsar skýringar á þinginu. Loks gaf varnaraðili sjálfur skýrslu, svo sem fram kemur í hinum kærða úrskurði.

Verjandi varnaraðila hefur sent greinargerð til Hæstaréttar. Segir þar m.a.: „Í úrskurði sakadómarans er vitnað til framburðar og gæsluvarðhaldsúrskurða, sem ekki hafa verið lagðir fram í máli skjólstæðings míns. Hvorki skjólstæðingi mínum né réttargæslu-

manni hans hafa verið kynnt þessi gögn og er því með öllu óviðeigandi af hálfu sakadómsins að byggja á þessum gögnum.“

Í máli þessu hafa ekki verið lögð fram gögn, sem varða rannsókn á ætluðum brotum G, en að Ó er vikið í skjölum, sem fram hafa verið lögð og fyrr eru talin. Ekki er fram komið með hvaða hætti G, Ó og varnaraðila greinir á um staðreyndir. Af gögnum málsins, sem fram voru lögð 25. maí og bæði varnaraðili og réttargæslumaður hans áttu aðgang að, kemur hins vegar fram, að framburður varnaraðila og M stangast á um magn það af kókaíni, sem M fékk frá varnaraðila. Samkvæmt þessum gögnum ber B, að hún hafi ekki átt viðskipti við varnaraðila eins og hann heldur fram. Um greiðslur M til varnaraðila fyrir kókaín er og misræmi.

Eftir skýrslum varnaraðila og M má ætla, að varnaraðili hafi gerst sekur um refsiverða hegðun. Stendur 65. gr., 3. mgr., stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, ekki í vegi fyrir því, að hann sæti gæsluvarðhaldi. Ber að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar með tilvísun til 67. gr., 1. mgr. 1. tl., laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 25. maí 1989.

Ár 1989, fimmtudaginn 25. maí, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik.

Lögreglumenn í fíkniefnadeild lögreglustjórans í Reykjavík hafa frá byrjun þessa mánaðar rannsakað ætlað stórfellt kókaínmisferli.

— — —

Grunur lögreglu beindist auk annars að [...], Jóni Sæmundssyni, kt. 110366-5159, sem handtekinn var og yfirheyrður hjá lögreglu 12. þ.m.

Kannaðist Jón þessi þá við að hafa á 3-4 vikum tímabilið í jan.-febr. sl. frá Ó móttengið samtals 70 g af kókaíni og þar af í þrem afhendingum afhent M samtals 60 g og Y samtals 10 g.

Jón Sæmundsson kvaðst engar greiðslur hafa handleikið í þessu sambandi, en söluverð hvers g ákveðið kr. 8.000,00 og svo um samið Jóns og Ó í milli, að hinn fyrrnefndi fengi í þóknun fyrir þessa milligöngu 10% af greiddu söluandvirði.

— — —

Niðurstöður.

Verið er að rannsaka ætluð stórfelld brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 16/1986.

Rannsókn virðist sækjast seint þótt staðið hafi, sem að ofan greinir, frá byrjun þessa mánaðar, enda efnistegund, magni handlagðra efna og játningum samkvæmt að öllum líkindum á ferð umfangsmesta og alvarlegasta fikniefnamisferli, sem komið hefur til rannsóknar hérlandis.

Mikið ber í milli í framburði aðila um veigamikil atriði og því líklegt, að rannsókn sé í þeim skilningi enn á frumstigi. Ætla verður, að sú háttsemi, sem Jón Sæmundsson hefur þegar kannast við, kunni að baka honum fangelsisrefsingu, ef sönnuð telst.

Þykja því ákvæði 65. gr. stjórnarskrár, nr. 33/1944, ekki girða fyrir beitingu gæsluvarðhalds í þessu sambandi.

Með vísan til þess, annars ofanritaðs svo og 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir í þágu rannsóknarhagsmuna rétt að verða við kröfu lögregluþyrvalda í Reykjavík og gera Jóni Sæmundssyni að sæta gæsluvarðhaldi allt að hádegi mánudags 5. júní 1989.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Jón Sæmundsson, kt. 110366-5159, skal sæta gæsluvarðhaldi frá kl. 17.05 að telja 25.5.1989 og allt að hádegi mánudags 5.6.1989.
